

Wallová og Walla gegn Tékklandi

Dómur frá 26. október 2006.

Mál nr. 23848/04

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Svípting forsjár.

1. Málsatvik

Kærendur, Emílie Wallová (f. 1963) og eiginmaður hennar, Jaroslav Walla (f. 1949), eru tékkneskir ríkisborgarar og búsett í Vesce í Tékklandi. Þau eiga fimm börn, fædd á árunum 1985-2000. Í september 2000 veitti dómstóll félagsmálayfirvöldum heimild til að hafa eftirlit með börnunum, í þeim tilgangi að tryggja að þau flyttu sem fyrst í húsnæði við hæfi. Í nóvember 2000 fóru félagsmálayfirvöld fram á að fá bráðabirgðaforsjá yfir börnunum þar sem fjölskyldan hefði ekki búið í fullnægjandi húsnæði frá árinu 1997 og kærendur hefðu jafnframt reynt að koma sér undan því að hlíta hinum fyrri dómsúrskurði. Hinn 15. nóvember 2000 fyrirskipaði dómstóll svo bráðabirgðavistun barnanna á barnaheimilum.

Hinn 18. apríl 2002 var barnaheimili svo veitt forsjá allra fimm barna kæranda með dómsúrskurði. Í úrskurðinum var sérstaklega tekið fram að Walla hefði ekki fasta atvinnu og að eiginkona hans hefði vanrækt að sækja um örorkubætur. Var það álit dómstólsins að kærendur hefðu ekki lagt sig nægjanlega fram við að leysa úr örðugleikum sínum og væru því ekki fær til þess að sjá um börnin á sómasamlegan hátt. Þá var tekið fram að kærendur hefðu ekki sýnt neinn áhuga á börnunum eða umgengni við þau, en engin samskipti höfðu átt sér stað frá árinu 2001.

Kærendur áfrýjuðu málinu en án árangurs, þar sem ráðstafanir yfirvalda þóttu hafa verið í samræmi við lög og þjónað hagsmunum barnanna.

Elsta barn kæranda varð lögráða árið 2003 og því frjálst að ráða sjálft dvalarstað sínum. Tvö yngstu börnin búa enn hjá fösturforeldrum sem fengu forsjá þeirra í janúar 2005. Fyrri forsjárakvarðanir varðandi hin börnin voru felldar úr gildi í febrúar 2006 og þeim gert kleift að snúa aftur til foreldra sinna og búa þar undir eftirliti yfirvalda. Við þá ákvörðun tóku dómstólar fram að kærendur væru fluttir í leiguíbúð, Walla væri kominn með fasta atvinnu og kona hans fengi örorkubætur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur kvörtuðu yfir því að hafa verið aðskilin frá börnum sínum og því að tékknesk yfirvöld hefðu ekki komið þeim til aðstoðar. Byggðu þau kæru sína á 8. gr. og 14. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ekki hefði verið fundið að hæfni kæranda sem foreldra né umhyggja þeirra fyrir börnunum dregin í efa. Aðalvandamál fjölskyldunnar hefði verið að finna húsnæði sem hentaði svo stórrí fjölskyldu. Jafnframt hefðu innlendir dómstólar viðurkennt að kærendur hefðu reynt að leysa vandamál fjölskyldunnar.

Að mati dómstólsins voru örðugleikar fjölskyldunnar til komnir vegna fjárhagsvandráða og þau vandræði hefðu yfirvöld getað aðstoðað við að leysa með öðrum hætti en þeim að sundra fjölskyldunni. Slíkt væri neyðarúrræði sem aðeins skyldi beita í alvarlegustu tilvikum. Yfirvöld hefðu því getað nýtt sér úrræði sem væru minna íþyngjandi fyrir fjölskylduna. Dómstóllinn benti á að hægt hefði verið að hafa fjölskylduna og aðstæður hennar undir eftirliti og aðstoða við leit að húsnæði við hæfi. Ekkert slíkt hefði verið gert.

Dómstóllinn taldi að aðstæður hefðu ekki réttlætt þau alvarlegu afskipti af fjölskyldu kæranda sem fólust í því að fjarlægja börn þeirra af heimilinu og vista á opinberum stofnunum. Þá væri ekki ljóst af gögnum málsins að félagsmálayfirvöld hefðu aðstoðað kærendur við að sigrast á örðugleikum sínum og sameinast börnum sínum á ný.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kærendum voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 10.000 evrur í miskabætur. Þá taldi dómstóllinn ekki þörf á að taka sérstaklega til skoðunar hvort brotið hefði verið gegn 14. gr. sáttmálans.